

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2015

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um náttúrupassa, þskj. 699-455. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um náttúrupassa. Með frumvarpinu er lagt til að Ferðamálastofu verði veitt heimild til að innheimta sérstakt gjald af ferðamönnum sem heimsækja ferðamannastaði á Íslandi með útgáfu náttúrupassa. Markmiðið með útgáfu náttúrupassa, eftir því sem segir í frumvarpinu, er að afla tekna til að stuðla að verndun náttúru Íslands með nauðsynlegri uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða og tryggja framlög til öryggismála ferðamanna.

BSRB telur ýmsa ágalla á þessari tillögu um sérstakan náttúrupassa sem felur í sér að greiða þurfi sérstaklega fyrir aðgang að ferðamannastöðum hér á landi. BSRB telur að um rétt almennings til þess að heimsækja ferðamannastaði og íslenska náttúru skuli almanna-
réttur lagður til grundvallar svo sem verið hefur yfir lengri tíma. BSRB telur að stjórnvöld hafi úr öðrum leiðum að velja, til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu til að vernda megi náttúru Íslands, en þá að óska sérstakrar greiðslu af hálfu ferðamanna fyrir aðgang að náttúru Íslands ella sæti þeir stjórnvaldssektum.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri